
Styrkumsókn vegna handavinnukennslu og kaupa á saumavél

Menningar- og safnanefnd

Garðabær 15.apríl 2021

Mikil gróska er í handverki og áhuginn mikill. Því langar okkur að bjóða upp á handavinnukennslu í Bókasafni Garðabæjar. Haustið 2021 er rétti tíminn þegar að öllum líkindum fólk fær mikla þörf fyrir að fara út á meðal fólks og langar að dusta af handavinnunni eða læra eitthvað nýtt.

Við viljum bjóða upp á þrónakennslu og einfalda saumakennslu undir merkjum handavinnuklúbbsins Garðapróns.

Saumvélar voru eitt sinn hluti af heimilishaldi en það á ekki lengur við en nýtni og sköpun er samt sem áður krafa nútímans. Við viljum því kaupa saumavélar sem gestir geta fengið aðgang að á afgreiðslutíma bókasafnsins og sótt örnámskeið í saumskap. Hvernig á að bera sig að við að lagfæra saumsprettur, sauma upp úr annarri flík, stytta buxur og annað slíkt. Aðgangur að saumvél er þjónusta sem mörg bókasöfn á landinu bjóða og þykir sjálfsögð í grannríkjum okkar á Norðurlöndunum. Hér er alls ekki um að ræða samkeppni við einkaaðila eða hönnuði heldur mjög einföld þjónusta við almenning. Í stað þess að henda flík með saumsprettu er hægt að koma til okkar og gera við flíkina. Nokkrum sinnum yfir veturinn verða stutt námskeið, t.d. hvernig á að skipta um rennilás, taka snið, falda flíkur og gardínur, gera hnappagat, grunnurinn í bútasaum o.s.frv. Að öðru leyti verður saumavélahornið sjálfbært.

Þá viljum við einnig bjóða upp á þrónakennslu með kennara. Þar getur fólk lært fyrstu skrefin í að þróna og lesa í uppskriftir eftir því hvar það er statt. Bókasafnið á úrval tímarita og bóka á þessu sviði og nýtur þetta efni talsverðra vinsælda.

Þróna- og saumakennslan er liður í því að endurvekja handverksklúbbinn Garðaprónn á safninu. Bókasafn er ekki lengur bara bókasafn heldur samfélags- og menningarhús.

Við myndum bjóða upp á 6 skipti í þrónakennslu og 6 skipti í saumakennslu.

Kostnaðaráætlun:

Þrónakennsla 6 skipti: áætlaður kostnaður 90.000.-

Saumakennsla 6 sinnum 2 tíma í senn: áætlaður kostnaður 90.000.-

Saumavél Brother 4234D Overlockvél: 90.000,- frá Pfaff.

Samtals áætlaður kostnaður kr. 280.000,-

Bókasafn Garðabæjar óskar eftir styrk upp á kr. 280.000.- fyrir Garðaprónn.

Virðingarfyllt,

f.h. Bókasafns Garðabæjar

Margrét Berndsen Sigurgeirsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar